

Mánudaginn 2. aprílmánaðar.

Nr. 5/1894:

Rjettvísinn
[gegn
Elías Jónssyni.

Ú r s k u r ð u r:

Áður fullnaðardómur geti gengið í máli þessu þyk-
ir nauðsynlegt að undirdómarinn útvegi þær frekari
skýrslur því til upplýsingar, er nú skal greina:

1. Skýrslu manna þeirra, er Kristín Gunnarsdóttir hef-
ur verið hjá eða þekkja helzt til hennar, um það í
hverju vitskerðing hennar hafi einkanlega lýst sjer,
og yfir höfuð, hvornig dagleg framkoma hennar og
hegðun hafi verið.
2. Skýrslu um aldur Kristínar og hvenær borið hafi
fyrst á vitskerðing hjá henni, hvort hún hafi t. d.
orðið fermd o. s. frv.
3. Skýrslu um, hvort Kristín hafi áður sýnt sig í
lauslæti eða áleitni við karlmenn til samræðis, og
hvað tilhæft muni vera í framburði ákærða í þá átt
4. Skýrslu alls heimilisfólksins á Ærlæk um það,
hvornig andlegu ástandi Kristínar hafi verið varið
þann tíma, sem hún dvaldi þar og sem kemur til
athugunar í þessu máli; hvort það hafi orðið vart
við samdrátt milli þeirra Kristínar og ákærða, og
um það, hvenær og á hvern hátt það hafi vitað
eða fengið grun um samfarir þeirra.
5. Skýrslu Kristínar sjálfar um atvik málsins, ef unnt
er að fá slíka skýrslu; að öðrum kosti skýrslu um
árangurinn af tilraununum í þá átt.
6. Ýtarlega og rökstudda lýsing hjeradslæknis á
sálarástandi Kristínar og ákærða.

7. Þær frekari skýrslur, er hin nýju próf kunna að gjöra æskilegar.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Nr. 44/1893:

kaupmaður V. Claessen
 gegn
 hreppsnefndinni í Skefilsstaðahreppi.

Dómur:

Haustið 1892 lagði hreppsnefndin í Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu 15 kr. aukaútsvar til tjeðs hrepps á kaupmann Valgarð Claessen á Sauðárkróki í Sauðárhreppi fyrir það að hann hafði salthús og fisktöku á Selnesi og Sævarlandi í fyrnefndum hreppi, eða, eins og komið er að orði, hreppsnefndin lagði aukaútsvarið á »salthús og fisktöku« Claessens á Selnesi og Sævarlandi. Með því að hann eigi þóttist skyldur að greiða þetta útsvar til Skefilsstaðahrepps, neitaði hann að gjöra það, og var þá eptir kröfu hreppsnefndarinnar hinn 19. ágústmán. f. á. af sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu sem hlutaðeigandi fógeta gjört lögtak hjá kaupmanni V. Claessen fyrir útsvarinu ásamt kostnaði, og voru hinir lögteknunir, sem voru ýmsar búðarvörur, virtar á kr. 34,50. Kaupmaður V. Claessen mætti við lögtaksgjörðina, mótmælti því, að hún væri látin fram fara, en mótmælunum var hrundið með úrskurði fógetans, og hefur hann síðan áfrýjað